

### Grunnur í upplýsingatækni

Þátttakendur fá þjálfun í grunnatriðum tölvunotkunar, s.s. skjalaumsjón þ.á m. í skýinu, notkun tölvupósts, prentun þ. á m. rafrænni, notkun ókeypisskrifstofuforrita í skýinu (ritvinnslu, töflureiknis, kynningarforrits, dagbókar) ásamt samnýtingu skývistaðra skjala, svo og skipulegri umgengni um Windows stýrikerfi og tölvuumhverfi. Inn í þetta er skotið kynningum á verkfærum sem nýtast við að læra fingrasetningu, myndvinnslu, vefsíðugerð og forritun.

Aðferðafræði: Nánast alfarið verkefnavinna undir handleiðslu kennara. Lítið er um fyrirlestra eða kennslu hóps, en þó eru af og til innlagnir um tiltekið efni. Hver þátttakandi fær lista yfir verkefni sem á að vinna. Hverju verkefni fylgja nákvæmar leiðbeiningar sem þátttakandi fer eftir á eigin hraða. Kennari er kallaður til ef útskýringa er þörf. En kennari fylgist einnig með framvindunni og grípur inn í eftir þörfum. Áhersla er lögð á að framvindan sé á ábyrgð þátttakanda. Hlutverk kennarans er að útskýra og örva einstaklinginn til dáða.

Lokamarkmið: Að þátttakendur þekki til og hafi nokkurt vald á gagnlegum verkfærum tölvuumhverfis sem nýtast í skólastarfinu og tölvunotkun almennt.

#### Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- Vistun og umhirðu skjala í tölvu, á staðarneti og í skýi.
- Notkun tölvupósts þ.m.t. sendingum og móttöku tengla og viðhengja.
- Prentun skjala á pappír og með rafrænu sniði.
- Tilvist og notagildi ókeypisskrifstofuforrita í skýi sem getur nýst í einkalífi, námi og starfi.
- Ýmsum hagnýtum valkostum í nýtingu tölvunnar.

#### Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Vista og flokka skjöl í möppur á tölvu, á staðarneti og í skýi.
- Senda og svara tölvupósti. Taka á móti og senda viðhengi.
- Prenta skjöl með forskoðun og á pappír og rafrænt snið.
- Nota ritvinnslu, töflureikni, kynningarforrit og dagbók í skýi til að leysa einföld hagnýt verkefni.

#### Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Geta valið viðeigandi verkfæri til að leysa hin ýmsu verkefni sem falla til í námi og starfi. Aflað sér frekari þekkingar og færni í upplýsingartækni. Eftir þennan áfanga geta nemendur valið um að halda áfram í skrifstofuforritum eða að kynna sér ýmsan hugbúnað sem tengist margmiðlun (myndvinnslu, hljóðvinnslu, vefsíðugerð, grunni í forritun).

#### Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat og sjálfstæð vinnubrögð. Ástundun nemenda er metin svo og fjöldi verkefni sem skilað er. Lokapróf er í áfanganum.